

Reykjavík 4. mars 1991.

Til allsherjarnefndar
efri deildar Alþingis,
Hr. Guðmundur Ágústsson.

Alþingi

Erindi nr. P/113/788

komudagur 4/3 19 91

Landssamband flugbjörgunarsveita, Landssamband hjálparsveita skáta og Skáksamband Íslands telja sig knúin til að mótmæla framsetningu og efnisinnihaldi í bréfi Slysavarnafélags Íslands til allsherjarnefndar dags. 25. febrúar 1991 vegna lagafrumvarps um sjóðshappdrætti. Við töldum okkur vera í samstarfi við Slysavarnafélagið um sjóðshappdrættið, en undirskrift fulltrúa Slysavarnafélagsins virðist ekki vera mikils virði.

Forsaga málsins er að hugmyndin að sjóðshappdrættinu kviknaði hjá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík í byrjun síðasta árs. Skáksambandið kemur síðan á byrjunarstigi inn í umræðuna og Landssamband flugbjörgunarsveita og Skáksambandið þróa hugmyndina saman og leggja inn beiðni hjá Dómsmálaráðuneyti um heimild til reksturs sjóðshappdrættis.

Í meðförum Dómsmálaráðuneytisins kom síðan fram ósk um að stór hluti hagnaðar að rekstri sjóðshappdrættisins rynni til þyrlukaupa. Landssamband flugbjörgunarsveita og Skáksambandið samþykktu það, enda er flestum ef ekki öllum landsmönnum ljós þörfin á nýrri og stærri þyrlu til björgunarstarfa, en auðvitað vöknudu ákveðnar efasemdir um hvort tengja ætti fjármögnun þyrlukaupa við happdrætti sem bæði getur gengið vel og illa.

Það er því alrangt sem Slysavarnafélagið heldur fram í bréfi sínu, og beinlínis ærumeiðandi fyrir okkar félagasamtök, að við séum að nýta okkur það ástand sem er í þyrlumálum Landhelgisgæslunnar okkur til fjáröflunar.

Við viljum benda á að fyrir aðeins tveimur mánuðum lagði Slysavarnafélagið gífurlega áherslu á að verða aðili að sjóðshappdrættinu og með sem stærstum hagnaðarhlut. Samkomulag náðist og þann 12. janúar sl. skrifuðu samtökin fjögur undir samkomulag um skiptingu 50% af hugsanlegum hagnaði þess. Þá lá fyrir breyting þess efnis að 50% hagnaðar rynni til þyrlukaupa.


Við viljum vekja athygli á að líftími fjáraflana er misjafn. Til reksturs samtaka okkar þarf mikið fé og því þarf stöðugt að hugsa um fjáröflunarleiðir. Ekki dugir að setjast niður á eina fjáröflun og ætlast til að hún dugi endalaust.

Við skiljum og virðum framgöngu Slysavarnafélagsins við uppbyggingu þyrlukosts Landhelgisgæslunnar undanfarna áratugi. Það veitir Slysavarnafélaginu hins vegar ekki rétt til að ráðskast með samstarfsaðila sína og varpa fram róttækum breytingum og rangfærslum án þess að leita skýringa og skoða hug samstarfsaðila sinna.


Að lokum tökum við heilshugar undir nauðsyn þess að ríkisvaldið sjái sér fært að hætta skattlagningu á starfsemi og búnað björgunar- og hjálparveita.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands flugbj. sveita,


Gunnar Bragason.

f.h. Landssambands hjálp. sv. skáta,


Arnfinnur Jónsson.

f.h. Skáksambands Íslands,


Einar S. Einarsson.